



SELAKIRKJUBÓL 2-4 Í ÖNUNDARFIRÐI

DEILISKIPULAG

Skipulagslýsing

Til kynningar í október 2021



SELAKIRKJUBÓL 2-4 Í ÖNUNDAFIRÐI

DEILISKIPULAG Skipulagslýsing

Skipulagslýsing

Skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010





Efnisyfirlit

i

1	Inngangur	1
1.1	Tildrög	1
1.2	Tilgangur og markmið	1
1.3	Matskylda	1
2	Forsendur og samhengi skipulagsgerðar	2
2.1	Skipulagssvæðið	2
2.2	Staðhættir og umhverfisaðstæður	2
2.3	Fornleifar	2
2.4	Náttúruvá	3
2.5	Náttúrufar og náttúruminjar	3
2.6	Staða skipulags	4
3	Skipulag	6
3.1	Deiliskipulag	6
3.2	Umhverfismat	6
4	Skipulagsferlið	7
4.1	Kynning og samráð	7
4.2	Umsagnaraðilar	7
4.3	Tímaáætlun verkefnis	7
	Tilvitnanir og heimildir	9



Samþykktir

Skipulags- og matslýsing þessi var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
þann _____ 20 _____



1 INNGANGUR

1.1 TILDRÖG

Landeigendur áforma byggingu allt að þriggja frístundahúsa á jörðinni Selakirkjubóli 2-4 í Önundarfirði.

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Gerð deiliskipulagsins er samkvæmt skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp smágerða frístundabyggð sem tengist búsetulandslagi í dreifbýlinu og að uppbyggingin valdi eins líttli röskun á umhverfinu og kostur er.

1.3 MATSKYLDA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Áætlunin er skipulagsáætlun sem er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og verður tekin fyrir í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Hvað er skipulagslýsing

Í upphafi vinnu að skipulagi er tekin saman lýsing fyrir verkefnið þar sem *gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar* og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er þannig eins konar verkáætlun fyrir skipulagsgerðina.

Lýsingin er kynnt opinberlega og samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

Helsta markmið skipulagslýsingar er að *íbúar og aðrir hagsmunaaðilar*, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, *fái tækifæri til að kynna sér áformin* strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri *athugasemdum* og *ábendingum* um *nálgun* við áætlunargerðina, *viðfangsefni* hennar og *helstu forsendur*.



2 FORSENDUR OG SAMHENGI SKIPULAGSGERÐAR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið tekur til alls lands jarðarinnar Selakirkjuból 2-4, (L141050). Selakirkjuból liggur innan við Flateyri í Önundarfirði og neðan við Þjóðveg nr. 64, Flateyraryveg. Skipulagssvæðið er um 2,65 ha að stærð og nær til sjávar. Aðkoma inn á skipulagssvæðið er af Þjóðveginum. Landamerki og mörk skipulagssvæðisins liggja að norðanverðu við Selaból (L2064466), að austanverðu við Þjóðveg nr. 64 og að sunnanverðu við Selakirkjuból 1 (L141048).

2.2 STAÐHÆTTIR OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR

Skipulagssvæðið er á skilgreindu landbúnaðarlandi og er að hluta til ræktað land.

Skv. afsali frá Sýslumanninum á Vestfjörðum kemur fram að jörðin sé „að fornu mati 5 hundrað og 80 álnir, og hefur fastanúmer hjá Fasteignamati ríkisins 212-6328. Ræktað land telst 2,6 ha. Veidiréttindi og önnur hlunnindi eins og þau eru á hverjum tíma fylgja eigninni“.¹ Jörðin er nú í eyði og engar byggingar eru uppistandandi. Búið er á Selabóli en engin hús eru á Selakirkjubóli 1.

Ofan við skipulagssvæðið liggur Þjóðvegur nr. 64, Flateyraryvegur. Innar í firðinum þverar Þjóðvegur 60, Vestfjarðavegur fjörðinn og liggur fram Breiðadal í Vestfjarðagöngin. Báðir vegirnir flokkast sem stofnvegir. Háspennustrengur Orkubús Vestfjarða liggur ofan Flateyraryvegar og samsíða honum. Þaðan liggur heimtaug að íbúðarhúsi á Selabóli.

Í rannsókn á fuglum í Önundarfirði sem gerð var sumarið 2003 voru fuglar taldir á tveimur svæðum, innan við Önundarfjarðarbrúna og fyrir utan brúna að Flateyri og að Ófæru að sunnan.² Utan við Önundarfjarðarbrú voru taldir 17 tegundir. Æðarfugl var þeirra algengastur. Fleiri algengar tegundir voru fýll, stelkur og hettumáfur. Flestar þessar tegundir eru háðar sjó og koma því

ekki við á skipulagssvæðinu nema að litlu leyti. Svæðið telst ekki mikilvægt fuglasvæði skv. Vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands³.



Mynd 1 Fyrirhugað skipulagssvæði, afmarkað með rauðri brotalínu. Skjáskot af vefsíðu LMÍ.⁴

2.3 FORNLEIFAR

Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð fyrir svæðið. Árið 2013 var gerð fornleifakönnun í nágrenni Kaldár sem er litlu norðan við skipulagssvæðið. Skv. minjavefsja Minjastofnunar Íslands eru engar friðlýstar eða skráðar minjar innan skipulagssvæðisins.


Leitað verður til minjavarðar um mat á þörf á fornleifaskráningu.

Finnist fornminjar sem geti verið í hættu verður tekið mið af þeim við gerð skipulagsins, í samráði við Minjastofnun Íslands.



2.4 NÁTTÚRUVÁ

Hættumat vegna ofanflóða hefur ekki verið unnið fyrir skipulagssvæðið. Snjóflóð eru vel þekkt í hlíðinni sunnan skipulagssvæðisins. Skv. Ofanflóðakortasjá Veðurstofu Íslands hefur ekkert flóð verið skráð sem nær til skipulagssvæðisins nema útjaðar stórs flóðs sem náði til innsta hluta jarðarinnar. Samráð verður haft við Veðurstofu Íslands um mat á ofanflóðahættu og mið tekið af hugsanlegri hættu við gerð skipulagsins.



Mynd 2 Skráð ofanflóð ofan við skipulagssvæðið í Önundarfirði. Skjáskot af Ofanflóðakortasjá VÍ.⁵

2.5 NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUMINJAR

Nærri skipulagssvæðinu er svæði 314 á náttúruminjaskrá:

„Holtsemi og Vöð í Önundarfirði. Fjörur og grunnsævi í innsta hluta Önundarfjarðar, innan Hóltsodda, ásamt mýrlendi milli Þórustaða og óss Bjarnardalsár. Fjölbreytt lífríki.“⁶

Vistgerðir innan skipulagssvæðisins eru að stærstum hluta *Tún og akurlendi* sem er vistgerð sem hefur mikla útbreiðslu. Einnig er þar að finna *Starungsmýravist* en hún hefur mjög hátt verndargildi og tvær vistgerðir með hátt verndargildi finnast á svæðinu.⁷ Tafla 1 sýnir vistgerðir á skipulagssvæðinu skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Innan skipulagssvæðisins er ekkert náttúruyfyrirbæri sem fellur undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Neðan svæðisins eru leirur sem njóta verndar skv. ofangreindri grein laganna.⁸



Mynd 3 Vistgerðir á skipulagssvæðinu. Skjáskot af Vistgerðarkorti NÍ.⁹



Tafla 1 Vistgerðir á skipulagssvæðinu.¹⁰

Lágt verndargildi	Miðlungs verndargildi	Hátt verndargildi	Mjög hátt verndargildi
L5.3 Hraungambravist	L9.1 Stinnastaravist	L9.2 Finnungsvist	L8.9 Starungsmýravist
		L9.6 Língresis- og vingulsvist	

2.6 STAÐA SKIPULAGS


Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Samhliða þessari skipulagslýsingu er kynnt lýsing fyrir frístundabyggð í landi Breiðadals neðri 4 og Breiðadal 2 Innsta bæ.

Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var staðfest 31. mars 2010 og tók gildi 20. apríl sama ár.¹¹ Aðalskipulagið var unnið samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum og því hefur verið breytt níu sinnum eftir gildistöku. Engin þessara breytinga varðar skipulagssvæðið en breyting sem var gerð árið 2016 tekur til Kaldárvirkjunar sem er litlu utar í firðinum.

Í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarland en skipulagið „gerir ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á landbúnaðarsvæði á hverri jörð ef aðstæður leyfa. Þessi hús eða svæði eru ekki sýnd á skipulagsuppdrætti“.



Mynd 4 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br., hluti sveitarfélagsuppdráttar.

Skipulagssvæðið er innan hverfisverndarsvæðis (H5) sem tekur til Holtsengis og Vaða sem eru fjörur og grunnsævi. Hverfisverndinni er ætlað að varðveita sérkenni svæðisins.

Ákvæði hverfisverndarinnar hafa ekki áhrif á hefðbundnar nytjar og landbúnað á landbúnaðarsvæðum. Ekki er gert ráð fyrir framræslu lands eða öðru meiri háttar jarðraski utan landbúnaðarsvæða. Allar framkvæmdir og öll nýting landeigenda eyðijarða verði í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Í aðalskipulaginu segir að öll uppbygging frístundahúsa innan hverfisverndarsvæðisins skuli miða að því að skerða ekki sérstöðu og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir



og menningarsögu. Stærðir og útlit frístundahúsa skulu taka mið af umhverfi, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi.

Uppbygging frístundahúsa innan hverfisverndarsvæðisins skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, eða aðgengi að útivistarsvæðum né loka gömlum göngu- og reiðleiðum. Á hverfisverndaða svæðinu skulu eingöngu gróðursettar plöntur sem heyra til náttúrulegrar flóru svæðisins.

Við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum og friðlýstum svæðum ber þeim er stendur að gerð deiliskipulags að gera greiningu á áhrifum í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Ákvæði gildandi aðalskipulags eru til endurskoðunar og er áætlað að nýtt aðalskipulag taki gildi í ársbyrjun 2022.



3 SKIPULAG

3.1 DEILISKIPULAG

Í deiliskipulaginu verður gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum og skilmálar settir fyrir uppbyggingu og nýtingu á svæðinu. Tekið verður mið af ákvæðum hverfisverndar, nálægð svæðisins við verndaðar leirur og tryggt að vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi skerðist ekki. Einnig verður tekið mið af takmörkunum vegna nálægðar við sjávarbakka og þjóðveg. Í gildandi aðalskipulagi eru ákvæði sem kveða á um að við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum svæðum ber þeim er stendur að gerð deiliskipulags að gera greiningu á áhrifum í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Samhliða gerð deiliskipulagsins verður ofangreind matstafla nýtt til að greina áhrif deiliskipulagsins á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum.

Áætluð skipulagsmörk má sjá í kafla 2 (Mynd 1).

3.2 UMHVERFISMAT

Eins og áður segir fellur deiliskipulagið undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Áhrif deiliskipulagsins á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum verða metin samhliða gerð skipulagsins og mið tekið af niðurstöðum matsins við útfærslu þess. Í matinu verður stuðst við vægiseinkunnir sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar¹². Umhverfismatsskýrsla verður hluti af greinargerð skipulagsins.

Tafla 2 Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulags frístundabyggðar.

Matsþáttur	Umhverfisþættir	Skýringar
Náttúruvafarslegir þættir	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, jarðmyndanir og vatn	Vegna rasks á landi og áhrifa á jarðminjar. Áhrif á plöntur og dýralíf.
Landslag, ásýnd og menningararfur	Landslag og menningarminjar, menningarlandslag	Breytingar á ásýnd á framkvæmdatíma og til lengri tíma litið. Áhrif á mögulegar fornleifar, menningarlandslag og gamlar leiðir.

4 SKIPULAGSFERLIÐ

4.1 KYNNING OG SAMRÁÐ

Kynning skipulagslýsingar

Kynning lýsingarinnar er í samræmi við gr. 5.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsinguna er hægt að nálgast á vef Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is. Hún er jafnframt auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í héraðsfréttablaði. Samhliða þessu er lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og þeirra aðila sem tilgreindir eru í kafla 4.2 *Umsagnaraðilar*. Sveitarstjórn ber ekki skylda til að svara, með formlegum hætti, athugasemdum sem kunna að berast vegna lýsingarinnar, skv. 5.2.4. í skipulagsreglugerð.

Kynning tillögu að deiliskipulagi

Unnin eru drög að deiliskipulagi og umhverfismatskýrslu í samræmi við skipulagslýsinguna. Áður en deiliskipulagstillagan er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn, eru drög að skipulagstillögu kynnt í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Kynningin er auglýst í svæðisbundnum fréttamiðli og á vef Ísafjarðarbæjar.

Að lokinni kynningu á vinnslustigi er deiliskipulagstillagan tekin fyrir og afgreidd í sveitarstjórn. Í framhaldinu er tillagan auglýst, með 6 vikna athugasemdafresti, í dagblaði sem er gefið út á landsvísu sem og í svæðisbundnum fréttamiðli. Skipulagstillagan mun liggja frammi á skrifstofu Ísafjarðarbæjar og jafnframt verða aðgengileg á vef sveitarfélagsins. Þegar frestur til athugasemda er liðinn fjallar sveitarstjórn um tillöguna á ný og tekur afstöðu til þeirra athugasemda sem hafa borist. Í framhaldinu afgreiðir sveitarstjórn deiliskipulagið og sendir það, ásamt samantekt á málsmeðferð, til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Samþykkt deiliskipulag verður að lokum auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög og tekur þar með gildi.

4.2 UMSAGNARAÐILAR

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Skipulagslýsingin verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

Við vinnslu deiliskipulagsins verður að auki leitað til samtaka, stofnana, fagaðila og einstaklinga eftir því sem viðfangsefnið gefur tilefni til.

4.3 TÍMAÁÆTLUN VERKEFNIS

Tímaáætlun miðast við að lýsing skipulagsverkefnisins verði auglýst október 2021. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið taki gildi vorið 2022.

Tafla 3 Tímaáætlun

Verkþáttur\Tími	Tímaáætlun
Skipulagslýsing lögð fyrir bæjarstjórn	Október 2021
Skipulagslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila til umsagnar. Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum	Október-nóvember 2021
Drög að deiliskipulagi á vinnslustigi kynnt almenningi	Nóvember 2021
Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir í bæjarstjórn	Desember 2021
Tillaga að deiliskipulagi auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti	Desember 2021-Janúar 2022
Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir í bæjarstjórn	Febrúar 2022
Samþykkt deiliskipulag og afgreiðsla bæjarstjórnar send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar	Febrúar 2022
Samþykkt sveitarstjórnar á nýju deiliskipulagi og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda	Mars 2022

TILVITNANIR OG HEIMILDIR

¹ Sýslumaðurinn á Vestjörðum. Afsal nr. F000191/2007 (innfært 27.02.07)

² Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2004. Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði. NV nr. 4-04.

³ Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort. Sótt í mars 2021 af <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁴ Landmælingar Íslands. Sótt í mars 2021 af <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>

⁵ Veðurstofa Íslands. Ofanflóðakortasja. Sótt í mars 2021 af <http://ofanflodakortasja.vedur.is/ofanflod/>

⁶ Umhverfisstofnun. Náttúruminjaskrá. Sótt í mars af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir/>

⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort. Sótt í mars 2021 af <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands. Sérstök vernd náttúru fyrirbæra. Sótt í mars 2021 af <https://serstokvernd.ni.is/>

⁹ Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort. Sótt í mars 2021 af <https://vistgerdakort.ni.is/>

¹⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort. Sótt í mars 2021 af <https://vistgerdakort.ni.is/>

¹¹ Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br. Sótt í mars 2021 af <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=4200>

¹² Skipulagsstofnun. 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlna. Sótt 4. maí 2020 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.